

Fréttabréf Borgarhólsskóla

Skólagarði 1
640 Húsavík
Sími. 4646140

www.borgarholsskoli.is
skoli@borgarholsskoli.is

1. tbl. 2014—2015
Nóvember


Skólaþing 24. september

Það er venja við skólann að kennarar boði foreldra til kynningafunda að hausti. Í ár var ákveðið að steypa þessum fundum saman í eitt, boða alla foreldra á sama tíma og nota tækifærið til að kynna fleiri þætti skóla-starfsins s.s. nemenda-þjónustu, jákvæðan aga, skólasýnina og fl. Kynningarnar voru í salnum kl. 18.00 og 19.30 og foreldrargátu valið hvorn tímann þeir völdu. Allir umsjónarkennarar voru við í stofunum sínum og höfðu lagt

mikla vinnu í að setja fram verkefni og náms-efni nemenda. Þannig gafst foreldrum kostur á að heimsækja stofur barna sinna og spjalla við kennara.

Við vorum afskaplega ánægð með okkur og samfélagið sem við búum í eftir þetta fyrsta skólaþing. Gælum jafnvel við þá hugmynd að

víkka þetta út og virkja foreldra betur. Að þessu sinni fengum við afbragðsgóða innsýn í þjónustu og starf námsráðgjafa, skóla-hjúkrunarfræðings og skólaþjónustu Norðurlæna.



**Við erum á
facebook!**

Útivistardagurinn

Fimmtudaginn 18. september lögðu nemendur skólans upp í leiðangur. Það var rigningarlegt úti og hitastigið hafði fallið töluvert frá því sem verið hafði. Alveg "típískt" fyrir veðrið að haga sér svona þegar búið er að ákveða útivistardag með löngum fyrirvara :) Unglingarnir gengu 18 kílómetra og skoðuðu m.a. Æðafossa. Nemendur 7. bekkjar gengu uppá Húsavíkurfjall og lentu í miklum ævintýrum þegar þau skröngluðust niður snarbratt fjallið. Nemendur á yngri stigum spígsporuðu um nágrennið, fóru í skóginn, á golfvöllinn, upp að Botnsvatni og fl. Annar bekkur gekk um í skrúðgarðinum og síðan upp nýjan göngustíg, meðfram lækjarfarvegum og tjörnum. Dásamlegt að rannsaka það nánar og nokkrir festust hressilega í "lífshættulegu" drullusvaði sem sogaði saklausa fætur til sín. Góður dagur !

Annaskil

Það fer að líða að annaskilum en þau verða 17. og 18. nóvember. Mánudaginn 17. nóv mæta foreldrar og nemendur í viðtal til umsjónarkennara. Þriðjudaginn 18. nóv er starfsdagur hjá kennurum og nemendur því í fríi frá skóla.

Nemendur í 10. 4. og 7. bekk tóku samræmd próf 22.—26. sept.

Nemendur í 10. bekk hafa fengið niðurstöður úr sínum prófum en einkunnir 4. og 7. b eru ekki komnar í hús.

Nemendur í 10. bekk eru búnir að heimsækja þrjár ólíkar gerðir framhaldsskóla og kynna sér þær leiðir sem hægt er að fara þegar grunnskóla lýkur. Það er ánægjulegt að segja frá því að nemendunum var hrósað í hástert fyrir þrúða og fallega framkomu hvar sem þau komu. Við erum ákaflega stolt af okkar fólki!



Heimsóknir

Í september fengum við Siggu Dögg kynfræðing í heimsókn til okkar. Sigga spjallaði við nemendur í 7.—10 bekk og hún var einnig með fyrirlestur fyrir foreldra áður en hún hitti unglingana. Það er hægt að skoða hvað Sigga bardúsar á

<http://www.siggadogg.is/>



Unglingastig fékk Magnús frá Marita fræðslunni í heimsókn. Magnús hefur komið í nokkur ár til okkar og fyrirlestrarnir

hans eru ætíð góðir.

Það er hægt að kynna sér Marita á

<http://marita.is/>



Á sal

Hófý (þegar verkfalli lýkur) ætlar að stjórna söngsal í vetur og yngsta- og miðstig komu saman og sungu undir hennar stjórn í september og það var mikil stemming.



© Gaukur Hjartarson 2014



Töframaðurinn Einar Mikael heimsótti nemendur í 1.—7. bekk á sal og þar kveikti hann áhugann hjá mörgum sem ganga nú með “töframanninn” í maganum. Einar Mikael hvatti áhrofundur til að elta draumana sína !

Leikrit 10. bekkjar

Í október sýndi 10. bekkur leikritið Útilega efir Guðjón Sigvaldason í leikstjórn Höllu R. Tryggvadóttur.

Leikritið fjallaði um hóp krakka sem fóru á vegum skólans í fjallakofa þar sem þau áttu að bjarga sér við “frumstæðar” aðstæður án rafmagns og síma.

Leikritið gekk ljómandi vel og leikarar stóðu sig mjög vel. Aðsókn var líka mjög góð og þökkum við öllum komuna.



Verkfall

Það er því miður ennþá verkfall hjá tónlistarskólakennurum þ.e. kennara sem starfa innan FT. Allir kennarar sem sinna tónlistarkennslu við Borgarhólsskóla eru því ekki við vinnu og öll tónlistarkennsla í skólanum fellur niður. Þetta hefur mikil áhrif á starf og stundatöflur nemenda í 1.-6. bekk í Borgarhólsskóla og mun starfið raskast töluvert vegna þessa en eðli málsins samkvæmt ganga ekki aðrir í störf tónlistarkennaranna.

Við sendum tónlistarkennurum baráttukveðjur og vonum að samið verði við þá hið fyrsta.

Heilbrigði og velferð

Nýja valgreinin í 9. og 10. bekk er ákaflega vinsæl og komast færri í en vilja á önninni. Á þessari önn hafa nemendur í heilbrigði og velferð heimsótt sláturhúsið og kynnt sér starfið þar. Í kjölfar heimsóknarinnar tóku ungmennin slátur. En þau hafa einnig bakað, gengið á fjall, steikt lifrabuff og margt fleira.



Jákvæður agi

Við störfum samkvæmt uppeldisstefnunni jákvæður agi.

Með jákvæðum aga fylgir fjársjóðskista full af góðum ráðum fyrir alla sem umgangast börn. Hér koma nokkur þeirra;

- Bjóddu barninu þínu afmarkaða valkosti.
- Vertu góð fyrirmynd.
- Veittu aðhald, festu og eftirfylgni með góðvild og ákveðni.
- Líttu á mistök sem frábært tækifæri til að læra af, bæði í leik og starfi.
- Hvettu börnin til að koma með lausnir sjálf.
- Þegar þú segir eitthvað skaltu standa við það, meina það og fylgja því eftir—ekki haldlausar hótanir.
- Húmor er lífsnauðsynlegur—munið að hlæja, grínast og leika ykkur með börnunum.

Í vetur borða 99% nemenda í Borgarhólsskóla í mótuneyti skólans.

Í október voru nemendur við Borgarhólsskóla 301.

